

A U G L Ý S I N G

um umferð í Kópavogi

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu bæjarráðs Kópavogs, eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð í Kópavogi:

1. Að biðskylda verði á Hlíðarvegi gagnvart Digranesvegi.
2. Að biðskylda verði á Hlíðarhjalla gagnvart Digranesvegi.
3. Að biðskylda verði á Hólahjalla gagnvart Digranesvegi.
4. Að biðskylda verði á allar aðliggjandi götur Dalvegar milli Nýbýlavegar og Fífuhvammsvegar.
5. Að biðskylda verði á allar aðliggjandi götur Dalsmára milli Dalvegar og Fífuhvammsvegar.
6. Að biðskylda verði á Digranesheiði gagnvart Skálaheiði.
7. Að biðskylda verði á allar aðliggjandi götur Smárahvammsvegar milli Arnarnesvegar og Fífuhvammsvegar.
8. Að biðskylda verði á Smárahvammsvegi gagnvart Fífuhvammsvegi.
9. Að biðskylda verði á Smárahvammsvegi gagnvart Arnarnesvegi.
10. Að biðskylda verði á Hrauntungu og Bræðratungu gagnvart Grænutungu.

Auglýsing þessi tekur þegar gildi.

Með auglýsingu þessari eru numin úr gildi þau ákvæði eldri auglýsinga um umferð í Kópavogi sem brjóta í bága við auglýsingu þessa.

Sýslumaðurinn í Kópavogi, 23. nóvember 1992.

Þorleifur Pálsson.

2. desember 1992

Nr. 425

R E G L U G E R Ð

um breytingu á reglugerð nr. 416/1992, um breytingu á reglugerð nr. 257, 24. maí 1989, um bensíngjald.

1. gr.

Í stað „1. desember“ í 2. gr. reglugerðarinnar komi: 2. desember.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 3/1987, um fjároflun til vegagerðar, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 2. desember 1992.

F. h. r.
Indriði H. Þorláksson.

Jón H. Steingrímsson.